

**Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

**1. gr.**

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Siglingamálaráðherra hefur tjáð mér, að h/f Hvalur eigi nú kost á að kaupa tvö skip erlendis, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en þau fjögur skip, sem félagið hafi notað til hvalveiða, séu mjög gömul og úr sér gengin og eitt þeirra algerlega ónothæft, og enn fremur, að þar sem hin umræddu tvö skip séu eldri en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 13. júlí 1961.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.